



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 15. janúar 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti óskaði eftir því að breyting yrði gerð á dagskrá og að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi vestra um umsögn vegna umsóknar Kvenfélagsins Einingar um tækifærisleyfi yrði tekin fyrir undir 2. dagskrárlið

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Skýrsla sveitarstjóra var flutt munnlega og til kynningar.

2. Bréf

a. Samgöngustofu dags. 16.12.2019

Fyrir fundinum lá erindi Samgöngustofu þar sem tilkynnt er um ýmsar breytingar sem orðið hafa á umferðalögum með gildistöku nýrra laga nú um áramót. Var sveitarstjóra falið að kynna sér lögina og gera tillögur að nauðsynlegum breytingum.

b. Jafnréttisstofu dags. 19.12.2019

Með erindi Jafnréttisstofu er boðað til Jafnréttisþings í Hörpu þann 20. febrúar 2020. Erindið var til kynningar.

c. Braga Þórs Thoroddsen dags. 20.12.2019

Fyrir fundinum lá erindi Braga Þórs er varðar fyrirhugaðar lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga. Sveitarstjórn tekur undir erindið og áréttar mikilvægi þess að minni sveitarfélög sýni samstöðu og standi vörð um sjálfsákvörðunarrétt íbúa í sameiningarmálum.

d. Reynis Gunnarssonar dags. 23.12.2019

Fyrir fundinum lá erindi Reynis Gunnarssonar þar sem hann leggur til tillögur að breytingum á strandveiðikerfinu. Erindið var til kynningar.

**e. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 30.12.2019**

Með erindi ráðuneytisins er tilkynnt um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2019/2020. Sú úthlutun sem kemur í hlut Skagastrandar nemur 179 þorskígildislestum. Sveitarfélagið Skagaströnd harmar mjög að gert sé ráð fyrir rúmlega 40% skerðingu á byggðakvóta til sveitarfélagsins á núgildandi fiskveiðiári. Skerðing á sér stað vegna þess að heildarmagn til úthlutunar er að minnka og þær almennu reglur sem notaðar eru til úthlutunar verja brotthættar byggðir og sveitarfélög með íbúa undir 400 fyrir skerðingum á milli ára. Séu úthlutunarreglurnar skoðar kemur í ljós að byggðalög sem njóta úthlutunar á grunni áfalla í rækjuveiðum og vinnslu eru ekki skert á sama hátt þ.e. á grunni íbúafjölda. Í því fellst hrópanði misræmi. Sveitarfélagið fagnar þess vegna að nú sé að störfum nefnd sem hefur að markmiði að endurskoða regluverk það sem hefur verið notað í tengslum þær aflaheimildir sem sjávarútvegsráðherra hefur til úthlutunar. Miklar vonir eru bundnar við að í þeirri vinnu verði enn sterkar litið til hagsmuna minni sjávarplássá vítt og breitt um landið.

f. Jafnréttisstofu dags. 08.01.2020

Með erindinu er óskað eftir upplýsingum um stöðu jafnlaunavottunar hjá sveitarfélaginu. Var sveitarstjóra falið að svara erindinu.

g. Sýslumanns á Norðurlandi vestra dags. 14. 01.2020

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á Norðurlandi vestra vegna umsóknar um tækifærisleyfi á grundvelli 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerðar nr. 1277/2016 sama efnis:

a) Umsækjandi: Kvenfélagið Eining kt. 120977-4909.

Umsókn vegna tækifærisleyfis sem viðbót við gildandi rekstrarleyfi vegna lengri afgreiðslutíma.

Umsögn:

Fyrir fundinum lá jákvæð umsögn slökkviliðsstjóra. Sveitarstjórn gerir því ekki athugasemd við að orðið verði við umsókninni.

3. Fundargerðir**a. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 19. desember 2019**

Fundargerð var til kynningar.

b. Hafnasambands Íslands dags. 6. desember 2019

Fundargerð var til kynningar.






Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir




4. Önnur mál

Umræður urðu um drög að reglugerð um hrognkelsaveiðar 2020 sem eru inni í samráðsgátt. Sveitarfélagið Skagaströnd lýsir mikilli andstöðu við drög að reglugerð um hrognkelsaveiðar 2020. Sveitarfélagið telur að nái reglugerðin óbreytt fram að ganga muni þessar veiðar að mestu leyti leggjast af. Einnig er talið að mikil hætta sé á að þeir sem haldi veiðum áfram muni reyna að gera það einir á bátum sínum. Slíkt er langt frá því að vera skynsamlegt og getur ógnað lífi sjómanna.

Í ljósi þessa er sjávarútvegsráðherra hvattur til þess að taka reglugerðina til gagnerrar endurskoðunar. Sveitarfélagið vill jafnramt áréttta fyrri bókun frá 20. ágúst sl. er varðar andstöðu við kvótasetningu á tegundinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:20


Halldór G. Ólafsson

Róbert Kristjánsson

Kristín B. Leifsdóttir


Péturína L. Jakobsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson

Alexandra Jóhannesdóttir